



Reykjavík, 15. apríl 2021

HG/dr/geb

SFS2021030128

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn frá skóla- og frístundaráðsfulltrúum Sjálfstæðisflokksins um leshæfnipróf

Á fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 9. mars 2021 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska upplýsinga um hvenær grunnskólar borgarinnar leggja fyrir leshæfnipróf Menntamálastofnunar fyrir 2. bekk og hvenær megi vænta niðurstöðu úr þeim.

Svar:

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur um árabíl farið fram á að 2. hluti lesskímunarinnar *Læsi* sé lagður fyrir alla nemendur í 2. bekk í grunnskólum borgarinnar í apríl. Sú lesskímun hefur hlotið vaxandi gagnrýni fyrir það að vera úrelt og ekki í samræmi við áherslur aðalnámskrár eða þær áherslur sem nú eru ráðandi varðandi lestrarkennslu og –nám í yngstu bekkjum grunnskóla. Lesskímunin *Læsi* var ekki lögð fyrir vorið 2020 vegna skerts skólastarfs í tengslum við Covid-19.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 26. maí 2020 var samþykkt tillaga um að hætta að nota lesskímunarprófið *Læsi* en í staðinn leggi allir grunnskólar með 2. bekk fyrir prófið Lesmál sem er „próf sem metur lestur og réttitun hjá nemendum í 2. bekk grunnskóla... og er staðlað fyrir apríl“ eins og segir á heimasíðu Menntamálastofnunar (MMS). Helsti styrkleiki þess prófs er talinn vera að það tekur á ólíkum hliðum lestrar jafnframt því að vera stutt og einfalt í notkun. Öll prófgögn Lesmáls eru að finna á læstu svæði kennara á vef Menntamálastofnunar.

Eins og lesskímuninni er Lesmálsprófinu fyrst og fremst ætlað að finna þá nemendur sem hugsanlega geta átt í erfiðleikum með lesturinn svo að hægt sé að bregðast við með viðeigandi aðgerðum. Lesmálsprófið mun einnig nýtast skólum til að meta stöðu sína gagnvart öðrum skólum auk þess að meta eigin árangur í lestri frá ári til árs. Lesmálið mun jafnframt koma í stað lesskímunarinnar *Læsi* til að meta hversu margir nemendur í 2. bekk uppfylla markmið um að geta lesið sér til gagns. Kennarar voru hvattir til að kynna sér vel leiðbeiningar um fyrirlögn og önnur prófgögn áður en prófið verður lagt fyrir nemendur.

Ætlast er til að Lesmál sé lagt fyrir alla nemendur í 2. bekk í apríl. Skólar eru beðnir um að skrá niðurstöður á sérstakt eyðublað og senda til skrifstofu skóla- og frístundasviðs í síðasta lagi miðvikudaginn 12. maí 2021. Starfsmenn á skrifstofu skóla- og frístundasviðs munu síðan vinna úr niðurstöðum Lesmáls og skólar fá heildarskýrslu fyrir alla skóla í borginni sem taka þátt, ásamt niðurstöðum sinna nemenda í samanburði við aðra skóla í borginni. Gert er ráð fyrir að heildarskýrsla með niðurstöðum Lesmáls verði einnig lögð fyrir skóla- og frístundaráð eins og verið hefur með niðurstöður úr lesskímuninni *Læsi*.